

Helgun Jónssteins

Ævisögubættir fluttir við helgun steins til minningar um

Jón J. Víðis

við Þverá í Laxárdal, 23. ágúst 2009.

Már Viðar Másson tók saman.

„Velkomin í Þveráarkirkju og til þessarar samkomu! Við erum hér saman komin í dag til að vígja minnismerki um Jón J. Víðis. Það er reist af okkur, frændum hans og frænkum, Vegagerðinni og Oddfellowum. Hér verður fyrst fluttur inngangur sem útskýrir það hvers vegna Jóni er reistur minnisvarði. Þorvaldur S. Þorvaldsson, Áskell Jónasson, Jón Hálfðanarson, Jakob Hálfðanarson, Snædís Gunnlaugsdóttir, María Erla Másdóttir, Bergþóra Sigurðardóttir, Þóra Þorvaldsdóttir og Már Viðar Másson lesa. Eftir lesturinn er orðið frjálst.“ [Fluttar aðsendar kveðjur til samkomunnar, m.a. frá S.H.S. og Oddfellowum]

Jón J. Víðis fæddist hér á Þverá 31. maí 1894. Hann var sonur hjónanna Jóns Þveræings Jónssonar og Halldóru Sigurðardóttur. Systur Jóns, fæddar á Þverá, voru **Auður**, **María** og **Sigríður**. Eftir að Jón og Halldóra fluttust suður fæddist þeim dóttirin **Þórný**.

Jón Þveræingur var sonur Jóns Jóakimssonar hreppstjóra, smiðs og kirkjubónda á Þverá, og Herdísar Ásmundsdóttur. Um Jón Jóakimsson segir að hann "var lærður trésmiður, og búmaður reyndist hann svo að af bar um reglusemi alla og þrifnað í búi, enda vann hann jörð sína upp úr niðurníðslu í sannarlegt fyrirmyndar höfuðból".

Halldóra var dóttir Sigurðar Guttormssonar og Halldóru Jónsdóttur frá Kollsstaðagerði á Völlum á Fljótsdalshéraði. Halldóra kom að Þverá á fjórtánda ári til að vera hjá Bergljótu Guttormsdóttur föðursystur sinni, sem var seinni eiginkona Jóns Jóakimssonar, en Herdís var þá látin.

Jón Þveræingur hlýddi unglingum yfir og slóst Halldóra í hóp nemenda. Halldóra sagði frá því í áttæðisafmæli sínu að Jón hafi, þegar á leið, lagt aðra höndina á hné sér undir borðinu sem setið var við, „og hann átti ekkert með það“ sagði hún, en hafði þó gaman af.

Eftir andlát Jóns Jóakimssonar 1893 bjuggu þau Jón og Halldóra á allri jörðinni þar til þau brugðu búi og fluttust suður árið 1898 og komu til höfuðstaðarins á fjögurra ára afmælisdegi Jóns Víðis. Jón segir þannig frá komunni til Reykjavíkur: „Á þriðja degi fluttum við í íbúð í Þingholtsstræti 7. Einn fyrstu daganna kom til okkar sú merka kona **Bríet Bjarnhéðinsdóttir** og bauð okkur með mikilli vinsemd velkomin í bæinn. Foreldrar mínir þekktu Bríeti. Hún hafði gengið í kvennaskóla, var gáfuð kona og framgjörn og átti ýmis áhugamál. Fyrir nokkrum árum hafði hún tekið sér ferð á hendur, víða um land, til að ræða um áhugamál sín og kynnst landi og þjóð. Henni var ekki hvað síst forvitni á að kynnst Þingeyingum. Meðal *þeirra* vissi hún að gerst höfðu ýmsir einstæðir atburðir. Þeir höfðu stofnað ýmis menningarsamtök, lestrarfélög, málfundafélag og Þjóðliðið; pólitískt félag sem vakið hafði athygli um land allt. Loks stofnuðu þeir félagsskap um verslun. Þau samtök voru stofnuð í stofunni á Þverá í Laxárdal og íslenzkan auðgaðist að nýju orði - kaupfélag. Að Þverá kom Bríet og samdi um það við húsbændurna að mega dvelja þar nokkurn tíma, er hún svo notaði til að ræða áhugamál sín og hlýða á mál manna.“ Af þessu má sjá að blómgróðurinn óx allt í kringum Jón á uppvaxtarárum hans.

Jón eignaðist smám saman **þrjú hús** í Reykjavík, sem öll komu við sögu þriggja kynslóða, og fjórða kynslóðin minnst þeirra einnig, allt fram til ársins 1993. Húsin koma öll við sögu í sendibréfi sem Jón skrifaði föður sínum frá Þingeyri sumarið 1936: „Jeg skrifaði Jóhanni [Skaptasyni] núna, hann símaði til mín um daginn og spurði hvort jeg vildi kaupa Eiríksgötu 4. Hann á að spyrja Sigurð Pjetursson hvort ekki fengist að byggja ofan á húsið. Þið mamma ættuð að tala við Sigurð og Auði um hvernig þau gætu hugsað sjer að nota húsið líka, ef þau gætu verið með. Biddu Hálfðan að skrifa mjer línu 2. september með Jóhanni og segja mjer hvernig gengur á Þórsgötu 17. Vertu sæll og blessaður, bið að heilsa mömmu og Dóru og öllum á Hverfisgötu 40. – Nonni“.

Um heimili Jóns á Eiríksgötu 4 segir Jóhann Skaptason, mágur hans: „Jón átti hlýlegt og aðlaðandi heimili, þrýtt málverkum og blómum. Hann var áhugasamur um ræktun og undi sér vel við að hlúa að gróðri í garði sínum. Allur ættleggurinn var jafnan velkominn á heimili hans, enda var hann sannur **ættarhöfðingi**, sem yngra fólkið elskaði og virti“.

Eftirfarandi sögu sagði Jón af tilurð ættarnafnsins **Víðis**. Hann kom á ferð sinni að Nesi í Geiradal. Ólafur stórbóndi Eggertsson stóð við túngarðinn. Hann spyr aðkomumann að nafni. „Jón Jónsson“ var svarið. „Nú, það er bara eins og að heita Hundur Hundsson“ ansaði Ólafur. Jón sagðist hafa ákveðið þar að breyta nafninu. Þrátt fyrir hvatvísi Ólafs Eggertssonar bar Jón virðingu fyrir honum, glæsileik hans og framfarahug. Þessi saga hlýtur að hafa gerst sumarið 1915 þegar Jón var á leið heim úr sumarvinnu á Miðhúsum. Á þessum árum gátu menn keypt sér ættarnöfn, með ákveðnum skilyrðum þó. Menn voru hvattir til að velja sér staðarnöfn og færa þau í eignarfall. Jón og systur hans völdu sér hólmann **Víði** í Laxá, en hann er vel gróinn, hlýlegur og fallegur, og stendur þannig að hann sést frá Þverá.

Jón reið að minnsta kosti í tvígang út í hólmann með frændum sínum á Þverá. Í fyrra skiptið 1918. Um haustið skrifaði Jón í dagbók sína: „Í dag er **Víðis** ættarnafnið auglýst í Morgunblaðinu“. Daginn eftir segir: „Nú er getið um ættarnafn okkar í Vísi“. „Hvernig líkar þjer Víðis, er við systkinin höfum fengið okkur? Eða veistu máské ekki um það?“ spyr Jón Þóru M. Sigurðardóttur, móðursystur sína, í bréfi.

Þegar Jón var á leið heim haustið 1919, annað sumar sitt við mælingar, kemur hann einnig við hjá frændfólki sínu í Laxárdal og segir þannig frá því: „Fórum um á Auðnum, stönsuðum á **Þverá**. Við Áskell riðum út í **Víði** og höfðum drengi Áskels með, jeg reiddi Sverri, Áskell Snorra litla, tók myndir þar úti“.

Jón var eitt sumar hjá frændfólki sínu að Þverá í Laxárdal, líklega sumarið **1913**. Næsta sumar var hann í símavinnu á Austfjörðum. Sumarið **1915** fór Jón með Gullfossi til Flateyjar og með mótorbát að Miðhúsum á Reykjanesi í Barðastrandarsýslu. Þar var hann vinnumaður hjá Oddi lækni Jónssyni og konu hans Finnbogú Árnadóttur. Jón vann öll tilfallandi störf í sveitinni. Hann sló grasið, hjálpaði til við gerð útihúsa, og gerði við hluti. „Seinna um daginn gerði ég við slagverkið á stofuklukkunni, hjálpaði til við að járna hesta, gerði við móttök á hnakki og lagfærði beisli ...“, segir Jón í dagbók sinni. Þetta sumar málaði Jón mynd af Miðhúsum, sem enn er til.

Sumarið **1916** var Jón aftur í símavinnu á Austurlandi. Hann var sem fyrr iðinn við að heimsækja ættingja sína. Þar koma við sögu Sigurður á Stafafelli í Lóni, móðurættingjar á Héraði, ættingjar í Þingeyjarsýslu og á Akureyri. Á síðast talda staðnum einkum Bergljót Sigurðardóttir, móðursystir hans og móðir Jóhanns Skaptasonar. Um heimsókn Jóns á Hérað **1912** og fyrstu kynni sín af Jóni segir Jóhann:

„Þá safnaði hann í kringum sig smáfólkinu og fór með það út um tún, holt og móa til að kenna því nöfn á blómum og vekja áhuga á fegurð og fjölbreytni jurtanna“. Jón var þá 18 ára.

Jón starfaði við viðarkolagröft á Tjörnesi sumarið **1917**. Í dagbókum hans má sjá að hann notaði iðulega tækifærið og heimsótti ættingja sína. Hann minnst sérstaklega á Unni Benediktsdóttur á Húsavík og heimilisfólkið á Þverá. Um haustið birtist í Morgunblaðinu grein eftir Jón um „*Kolin á Tjörnes*“. Það er alllög grein sem lýsir sögu kolanna og námagraftrinum eins og Jón hafði kynnst honum um sumarið.

Jón lauk stúdentsprófi árið 1914 frá Menntaskólanum í Reykjavík. Þess má geta hér að hann teiknaði stúdentshúfu þá sem við þekkjum enn í dag og var árgangur Jóns sá fyrsti sem bar hana. Jón hóf síðan nám í læknisfræði haustið 1914. Vorið 1917 hafði hann lokið þremur árum, en hætti við svo búíð, án þess að haldbærar skýringar séu til á því, en sækir í staðinn mælinganámskeið hjá Thorvald Krabbe vitamálastjóra. Frá og með árinu **1918** voru mælingar aðalstarf Jóns Víðis.

Hann mældi fyrst **hafnir** um allt land, og má enn líta kort hans augum hjá Siglingastofnun, þar sem þau eru þekkt fyrir fegurð og nákvæmni. Sum þeirra hanga þar innrömmuð uppi á vegg til skrauts.

Jón Víðis réðst til starfa hjá Geir Zoëga vegamálastjóra, árið **1922**, þegar verki hans við hafnamælingar lauk. Að vísu ekki strax við vegamælingar, heldur við mælingar og kortagerð af skipulagsskyldum stöðum. Jón kortlagði flest kaupstúna og alla kaupstaði landsins, nema Reykjavík og Vestmannaeyjar, og „var það ákaflega mikið nákvæmnisverk og bindandi starf, það er óhætt að segja það“, sagði Jón síðar í blaðaviðtali. Um **bæjamælingar** sínar í 20 ár hefur Jón annars þetta að segja: „Þegar ég kom inn í ókunnugan bæ og sá allan þann húsafjölda, og allt það sem ég vissi að ætti að mæla upp, þá alveg blöskraði mér. Ég átti að mæla upp hvert einasta hús, hverja einustu götu, hverja einustu girðingu, hvern einasta símastaur, hvert einasta niðurfali í götunum ...“.

Kort Jóns frá þessum tíma eru öll til hjá Skipulagi ríkisins í góðri umhirðu, enda er ennþá gripið til þeirra þegar önnur gögn hrökkva ekki til. Þau eru í mælikvarðanum 1:500. Geir Agnar Zoëga, sonur Geirs vegamálastjóra, sagði um kortin að „telja meg þröppurnar á þessum teikningum“ og að „ætlast hafi verið til þess að mæla mætti vegalengdir á kortinu“. Þau eru teiknuð með svörtu tússi á léreft sem í dag er drapplitað og gefur frá sér súran þef. Mörg kortanna eru falleg og hafa starfsmenn látið innramma þau, líkt og hjá Siglingastofnun, og hengt á vegg stofnunarinnar til þýði.

Eftir að embætti skipulagsstjóra var stofnað 1938 starfaði Jón að mestu við vegamælingar, víðs vegar um landið. Síðustu árin mældi hann eingöngu á Vestfirðum, en firðirnir höfðu þó ætíð verið á umráðasvæði hans. Það má óhikað segja að **vegir Jóns** um Vestfirði frá sjöunda áratugnum hafi markað tímamót í vegagerð hérlendis. Jón var framsýnn og þetta voru bjartsýnisár. Allt virtist stækka og verða meira og það átti jafnt við um Vestfirði og aðra staði hér á landi. Vegirnir hans voru á þessu árum lagðir 8 m breiðir og í fallegum bogum um landið og heiðarnar.

Vegamælingarnar fóru þannig fram að byrjað var á því að ganga um væntanlegt vegstæði með staðkunnugum. Það lá ekki alltaf ljóst fyrir hvar skyldi fara með vegi. Við erfiðar aðstæður gat þurft að fara æði margar ferðir til að finna hentugt **vegstæði** og var þá stundum riðið. Þetta átti við um Vestfjarðahálendið, eins og Jón kallaði leiðina úr Vatnsfirði yfir í Arnarfjörð, og liggur m.a. um Dynjandisheiði. Þegar vegurinn yfir heiðina var tilbúinn árið 1959 þótti vel hafa tekist til með vegstæði.

Vegurinn fylgir landinu yfir heiðina, eins og hann hafi alltaf verið þarna. Hann var einnig sérkennilega rauður á litinn, en ofaníburður var sóttur í botnlög stöðuvatns á heiðinni.

Um veginn yfir Vestfjarðahálendið sagði Sigurður Jóhannsson vegamálastjóri: „Jón var teiknari af guðs náð og gat á skammri stund rissað landslag eftir minni þegar rætt var um legu vegar. Skýrslur sínar og áætlanir prýddi hann oft slíkum teikningum, sem sýndu legu vegar í landslaginu, og minnst ég þess ekki að hafa séð aðra mælingamenn eða verkfræðinga leika slíkt eftir. Næmleiki Jóns fyrir **línunum og formi** gerði honum auðvelt að átta sig fljótt á því hvar veglína færi vel í landslagi og bera margir vegir þess glögg merki eins og t.d. Vestfjarðavegurinn um Dynjandisheiði“.

Ánægju manna með nýja veginn er vel lýst í einlægu **ljóði** Guðmundar Inga Kristjánssonar skálds á Kirkjubóli í Bjarnadal í Öfundarfirði. Kvæðið var flutt við vígslu vegarins sem jafnframt var vígsla vegasambands milli landshluta. Hún fór fram í vinnubúðum vegagerðarmanna, þar sem Jón Víðis og Sigurður Jóhannsson vegamálastjóri voru viðstaddir.

Vestfjarðavegur

Vegir hækka, vegir lengjast,
vegum nýjum héruð tengjast.
Réttir ungur aðra hönd
Ísafjörður Barðaströnd.

Þar sem Mjólka magn sitt breiðir
mönnum opnast nýjar leiðir,
yngist sál og auðgast jörð
eftir nýja vegagjörð.

Hér er brautin byggð af snilli,
bræðravegur sýsna milli.
Stendur opin auð og greið
Ísfirðingum suðurleið.

Þeir sem luktust áður inni
aka nú í gleði sinni
þar sem urð og eggjagrjót
áður þreyttu sáran fót.

Hér er furðu fagur vegur
ferðamönnum ævinlegur
þar sem áður enga slóð
útigönguklaufin tróð.

Vel sé þeim sem verkin unnu,
vegarúnir sínar kunnu,
lyftu byggðum okkar af
einangrunar galdrastaf.

Nú skal fagna nýjum vegi,
nýrri sókn með hverjum degi,
láta vesturfirði fá
frama þann sem völ er á.

Stundum var **gíst** á sveitabæjum og oft var greiði þeginn. Urðu mælingamenn oft fegnir að koma í hús að ræða við fólk og fá lagaðan mat eftir langar útiverur. Jón vildi alltaf borga fyrir sig og sína menn, en oft gekk illa að fá heimafólk til að taka við greiðslu. Þá greip Jón gjarnan til þess ráðs að stinga peningi að börnum ef þau voru á heimilinu, en bók að húsráðendum.

Jón hafði að jafnaði tvo **aðstoðarmenn** við mælingarnar og voru ungir frændur hans með honum hver á fætur öðrum. Þetta voru Sigurður Haukur Sigurðsson, Þorvaldur S. Þorvaldsson, Jakob Hálfðanarson, Már Viðar Mátsson, Jón Hálfðanarson og Nikulás Úlfar Mátsson, auk nokkurra sem störfuðu um skemmri tíma. Margir fleiri piltar störfuðu með Jóni, skyldir sem óskyldir. Nefna má mág hans Jóhann Skaptason, Þorvarð Örnólfsson lögfræðing, bræðurna Geir Agnar fv. frkvstj. Ísaga og Gunnar endurskoðanda Zoëga, Geir U. Fenger verslunarmann, Svan Sveinsson lækni og bræðurna Áka lögfræðing og þingmann, og Ásgeir málarameistara Jakobssyni. Um tíma var Leifur Bjarnason, sonur Lárusar H. Bjarnason, og bræðurnir Sigurður og Gísli Þorkelssynir aðstoðarmenn Jóns.

Starfið og allt sem því fylgdi var ómetanlegur **skóli** fyrir piltana og markaði viðhorf og lífsstarf margra þeirra. Til marks um það sagði Jón Hálfðanarson, einn mælingamanna, þannig frá þegar Verkfræðingafélag Íslands sæmdi hann heiðursmerki fyrir störf sín: „Þó heiður eins og mér er veittur hér í kvöld sé mikilsverður og sé mér mikil hvatning, þá er það hverjum manni enn mikilvægara að vera sjálfur sáttur við líf sitt og starf, - að vera sjálfur ánægður að kvöldi með dagsverkið, óháð hrósi og álitum annarra. Þessa lífsspeki lærði ég af Jóni Víðis, landmælingamanni, móðurbróður mínum.“

Það sést á upptalningu aðstoðarmanna Jóns að flestir þeirra hafa framhaldsmenntun. Jón hvatti til þess og hafði, eins og **góður faðir**, iðulega áhrif á hvert skyldi stefna. Sama viðhorf hafði hann gagnvart frænkum sínum, sem iðulega voru með honum á ferðalögum, þótt ekki væru þær mælingamenn. Jón studdi ræktun lýðs og lands og aðferðir hans voru aldamótakynslóðarinnar sem stefndi uppá við í dögum nýrrar aldar. Jón sýndi strax á unglingsárum áhuga á velferð landsins. Síðustu ár sín sem mælingamaður á Vestfjörðum var Jón orðinn gamall maður. Hann kom yngri mönnum þó sífellt á óvart með framfarasinnum viðhorfum sínum, einkum í tæknimálum, en þar var kjarkur hans óbilandi. Beinir og breiðir vegir, góðar flug- og skipasamgöngur, og uppbygging landsins voru hans málefni. Viðhorf hans voru viðhorf mennta og framfara.

Í fyrrasumar voru liðin 75 ár frá frægri **Sprengisandsferð** Jóns Víðis, Einars Magnússonar rektors, Valdimars Sveinbjörnssonar menntaskólakennara og Sigurðar, bílstjóra þeirra, frá Laug. Jón segir þannig frá: „Gamall Ford var dubbaður upp fyrir ferðina, fékk spánnýjan gang og sitthvað fleira og eitthvað af varahlutum. Við höfðum með okkur kortið sem ég gerði 1930, en auk þess ljósprentaðan uppdrátt af nyrðri hluta leiðarinnar, frá Tungnafellsjökli norður í byggð. Kompás höfðum við meðferðis“. Ekki verður þessi saga rakin frekar, enda er nýbúið að fjalla um hana, í tilefni afmælisins.

Jón var félagi í **Oddfellowreglunni** frá 1920 til dauðadags. Hann var í stúkunni Ingólfi nr. 1, en þar gegndi hann virðingarembætti síðameistara í áratugi, og var sæmdur orðu fyrir það starf sitt. Þá var Jón

bókari í Oddfellowbúðum og sat í stjórn sjóða. Stúkan Ingólfur gerði Jón að heiðursfélaga og Oddfellowbúðirnar sæmdu hann heiðursmerki Oddfellowreglunnar og gullmerki Búðanna, „en víst er þó“, segir í innanbúðarblaði reglunnar, „að bróðir Jón metur meir hin hlýju handtök og bróðurpel er honum hefur mætt á langri göngu hans í Reglunni og ánægju þá er hann hefur haft af starfi sínu og samskiptum við bræður. Er bróðir Jón var spurður að því hvað góðan Oddfellowa mætti prýða var svar hans: „*Maður sem má treysta*“. En bróðir Jón J. Víðis hefur einmitt gefið sjálfum sér þá einkunn í starfi sínu innan Reglunnar og í lífi sínu, því honum hefur mátt treysta“.

Reglubræður eru þakklátir Jóni fyrir mikið starf hans fyrir regluna og víst er að hann var ákaflega vinsæll og vel liðinn af þeim sem kynntust honum þar. Jón hafði mikinn áhuga á störfum reglunnar og markmiðum. „Allt sem Jón gerði var vel gert og gott“ segir Jónas B. Jónsson fv. fræðslustjóri, en þeir voru saman í Oddfellowreglunni. Jón var siðameistari þegar Jónas gekk í regluna og „vann það verk af einstakri vandvirkni“, segir hann. Oddfellow var það áhugamál Jóns sem hann gaf mest af tíma sínum og hafði mikla ánægju af.

Einar Magnússon landfræðingur og rektor Menntaskólans í Reykjavík segir í minningargrein um Jón, að „hann hafi alla ævi sína verið sá sami góði félagi sem hann kynntist fyrst á ferðalögum meira en hálfri öld áður, ósérhlífinn og velvinnandi, ákaflega reglusamur, hjálpsamur og hjartahlýr, góðlyndur, glaðlyndur og gegnheiðarlegur **drengskaparmaður** í hvívetna.“

Auk vegamælinga öðlaðist Jón réttindi til að vinna að **húsateikningum** og teiknaði eftir það flest hús sem Vegagerðin lét reisa. Þá teiknaði hann einnig fjölda annarra bygginga í Reykjavík, t.d. eitt fyrsta steinsteypa fjölbýlishús landsins við Barónsstíg.

Samhliða öðrum störfum kenndi Jón **teikningu** við Menntaskólann í Reykjavík í áratug. Þótti hann ágætur kennari og var vinsæll af nemendum. Zóphónías Pálsson var nemandi hans og segir Jón hafa verið lipran og þægilegan í umgengni. Hann hafi haldið uppi aga meðal nemenda án þess að þurfa nokkurn tíma að brýna raustina.

Eins og áður er lýst tóku frændur Jóns og frænkur iðulega þátt í athöfnum hans. Eftir að Jón festi erfðafestuland uppi við Elliðaár, rétt fyrir stríð, byggði hann þar hús sem var mikið notað af ættingjum Jóns á sumrin, þegar farið var þangað í sunnudagsferðir. Þarna ræktaði Jón kartöflur og auk þess allstóran trjár garð. Hús þetta er reyndar enn í notkun og kallast í dag **Víðir**. Dagsferðir voru einnig farnar lengra og þróuðust þannig, eftir að almenningur fór að eignast bíla, að þær voru auglýstar gegnum síma. Gjarnan var farin ein ferð að vori í nálægar sveitir og gat orðið fjölmenn. Þessar ferðir eru reyndar farnar enn þann dag í dag, og kallast **Víðisferðir**.

Fyrsta kaupfélag landsins, **Kaupfélag Þingeyinga**, var stofnað í stofunni hér á Þverá, æskuheimili Jóns. Menningarfrömuðurinn Benedikt frá Auðnum, föðurbróðir hans, var einn af stofnendum kaupfélagsins. Hann var í fjögurra manna hópi sem hlaut nafnið „frumherjar K.Þ. á baráttuárunum“. Bróðir þeirra bræðra, Benedikts og Jóns Þveræings, var Snorri bóndi og hreppstjóri á Þverá, afi Áskels sem enn býr á Þverá og er með okkur hér í dag.

Þegar **Safnahúsið** var reist yfir Menningarmiðstöð Þingeyinga á Húsavík var stofan á Þverá endurbyggð þar. Jóhann Skaptason sýslumaður segir frá því að „Halldóra móðir Jóns hafi verið á Þverá þegar Kaupfjelag Þingeyinga var stofnað þar í suðurstofunni og mundi vel eftir húsbúnaði öllum, sem þar

var, því hún var eftirtektarsöm og minnug og tók vel eftir öllu í nýju heimkynnum. Jón Víðis, sonur hennar, teiknaði stofuna með húsgögnum, eftir hennar frásögn, og hefur eftirlíking af henni verið gerð í Byggðasafninu í Húsavík með húsmunum samkvæmt þeirri teikningu“.

Safnahúsið var að mestu reist fyrir atbeina Jóhanns og Sigríðar Víðis. En Jón studdi byggingu safnahússins dyggilega og gaf hús sitt við Hverfisgötu 40 til þess verkefnis, og líklega fleira. Endurgerð þverárstofunnar í Safnahúsinu var greidd með gjöf Jóns. Í byggðasafninu eru varðveitt nokkur af húsgögnum Jóns, m.a. forláta skatthol sem hann notaði mikið og stóð eitt sinn á Þverá, en er nú í „suðurstofunni“.

Löng ferðalög uxu Jóni Víðis ekki í augum, og áhugi hans á landinu var mikill. Það þarf því ekki að koma á óvart að Jón fann sér félagsskap í **Ferðafélagi Íslands**, en þar var hann félagi alla tíð. Hallgrímur Jónasson kennari segir um starf Jóns fyrir félagið að „frá því að Ferðafélagið hófst fyrst handa um sæluhúsabyggingar á hálendi Íslands hafi Jón Víðis teiknað langflest slík hús, og þau eru orðin allmörg. Í því starfi liggur mikil vinna. En fyrir alla þá vinnu hefir Jón aldrei tekið eyrisvirði. Þau verk hefir hann ávallt gefið félaginu.“ Ferðafélagið bauð Jóni í Þórsmerkurferð á áttæðisafmæli hans, og gekk hann þá á Valahnúk. Var það síðasta kveðja hans til íslenskra öræfa.

Þá vann Jón ötullega og „af sömu ósérplægni“ að gerð **útsýnisskífa** fyrir Ferðafélagið, en Jón var upphafsmaður að gerð þeirra hér á landi. Voru þær reistar víða um land, jafnt í byggð sem óbyggð „þar sem útsýn er mikil og fögur“. Á skífur hringsjónna eru rist nöfn helstu kennileita í landslaginu í kring. Með því er ferðafólki gert auðveldara að átta sig á umhverfinu, fjær sem nær. Hringsjár Jóns Víðis eru 23 að tölu.

Jóni hefur verið lýst hér á þann veg, að hann hafi verið hrókur alls fagnaðar þegar þannig lá á. Hann var einnig **virðulegur** og menn báru virðingu fyrir honum. Hann var vel lesinn og mundi betur en aðrir. Þá var hann ágætlega vel að sér á mörgum sviðum og sögumaður góður, og því var vonlegt að á honum bæri þar sem hann fór. Jón var alþýðlegur maður og kunni best við sig innan um fróða menn úr alþýðustétt. Í mælingaferðum sínum hafði Jón mikið samneyti við vegaverkstjóra og aðra vegagerðarmenn og kunni vel við sig í þeirra hópi. Í krafti embættis síns hitti hann einnig oddvita, hreppstjóra, sýslumenn og aðra frammámenn í byggðunum sem heyrðu undir umdæmi hans. Þau samskipti voru einnig alveg vandræðalaus og hallaði aldrei á Jón í þeim.

Í tilefni aldarafmælis Jóns lét Ferðafélagið reisa **minnismerki** um hann á Þverfellshorni í Esju. Merkið er hringsjá gerð af Jakobi Hálfðanarsyni. Þorvaldur S. Þorvaldsson aðstoðaði við val á steini undir hringsjónna og teiknaði útlit hans. Það sumar var farið í Víðisferð upp í Kollafjörð. Þar flutti Páll Sigurðsson, forseti Ferðafélagsins stutta minningarræðu og vígði minnismerkið. Nokkrir vaskir „Víðisar“, en svo kalla afkomendur Víðissystkinanna sig gjarnan, höfðu reyndar gengið upp á Þverfellshorn í byrjun árs og flutti þáverandi forseti Ferðafélagsins, Höskuldur Jónsson, tölu við það tækifæri. Slíkan orðstír gat Jón sér.

Við höfum nú kynnst því í fáeinum dráttum úr hvaða **jarðvegi** Jón Víðis óx og dafnaði. Hann er ekki aðeins fæddur á óðali Jóns Jóakimssonar, afa síns, bæ sem af bar á öllum sviðum, hvort sem litið var á bæinn sjálfan eða þá menningu sem þar dafnaði, heldur einnig inn í gróandi þjóðlíf Þingeyinga, sem átti sér engan samjöfnuð hér á landi.

Það var úr þessum **brunni** sem Jón jós úr alla sína tíð. Af einstakri ræktarsemi og hirðusemi tók hann undir sinn verndarvæng fjölda einstaklinga þriggja kynslóða, sem ýmist hófu búskap sinn í húsum hans, unnu með honum í mælingunum, fylgdu honum í Víðisferðum, gengu með honum um bæinn, nutu leiðsagnar hans í handavinnu og teikningu, gróðursettu tré með honum, settu niður kartöflur eða náðu sér í rabbarbara í sultu, fylgdu honum í sunnudagsferðir að teikna útsýnisskífur, hlúðu að litla gistihúsinu hans, fóru með honum á jólaböll í Oddfellowhúsinu, eða sátu með honum að kvöldi dags og ræddu málin í víðu samhengi og þáðu góð ráð - frá manni sem ætíð mátti treysta. Með þessu móti hélt Jón á lofti merki fjölskyldu, menningar, lands og þjóðar. Fyrir eftirlifandi frænkur og frændur var hlutverk Jóns sem ættarhöfðingja þó hið mikilvægasta.

Í minningargrein um Jón er erindi úr Hávamálum: „Deyr fé, deyja frændr.“ Þegar litið er á upptalningu af lífsstafi Jóns er ljóst að eftirmælin „... en orðstírr deyr aldrigi hveims sér góðan getr“ eru vel við hæfi.

[Orðið gefið frjálst]

„Ég bið viðstadda um að ganga niður að steini ...“



DAGSKRÁ

ATHÖFN Í ÞVERÁRKIRKJU:

1. Stutt ávarp sr. Þorgríms Daníelssonar. Fólk boðið velkomið; hvert er erindið?
2. Sálmur sunginn.
3. Minningarorð um Jón J. Víðis. Þessir lásu: Þorvaldur S. Þorvaldsson, Áskell Jónasson, Jón Hálfðanarson, Jakob Hálfðanarson, Snædís Gunnlaugsdóttir, María Erla Másdóttir, Bergþóra Sigurðardóttir, Þóra Þorvaldsdóttir og Már Viðar Másson.
4. Ávörp ættingja sem vilja minnst Jóns.

ATHÖFN VIÐ STEININN. SR. ÞORGRÍMUR DANÍELSSON VÍGIR MERKIÐ:

1. Signing.
2. Sameiginleg bæn.
3. Helgun og blessun merkis og staðar. „Til minningar um Jón J. Víðis og störf hans er merki það sem við afhjúpum núna helgað. Staðurinn og merkið eru **frátekinn** (helguð) handa þeim sem vilja minnst áhrifanna sem Jón varð fyrir hér í sveit og annars staðar, og mátt þann sem hann hafði á þjóðfélag og þegna þess með störfum sínum, skyldurækni og ættrækni.“ Síðan blessar prestur staðinn og þá sem sækja hann og vísar öllu illu frá, í nútíð og framtíð.
4. Drottinleg blessun. Að því búnu gerir prestur krossmark yfir staðnum í nafni föður, sonar og heilags anda.
5. Lokaorð. Áskell Þverárbóndi býður til messukaffis. Að kaffinu standa, auk Áskels, systur hans, Aðalbjörg og Hildur, ásamt Höllu, dóttur Aðalbjargar, og Jón Pétursson, maður Hildar.

Vígsluvottar við Jónsstein að Þverá í Laxárdal

23. ágúst 2009

Aðalbjörg Jónasdóttir í Kasthvammi í Laxárdal (Snorrasonar á Þverá).
Ágúst Kárason (maður Höllu Þóru Másdóttur).
Áskell Jónasson á Þverá (Snorrasonar á Þverá).
Bergljót Hallgrímsdóttir í Haga í Aðaldal (frá Droplaugarstöðum).
Bergþóra Sigurðardóttir (dóttir Auðar Víðis Jónsdóttur á Þverá).
Davíð Már Óskarsson (sonur Sigríðar Másdóttur).
Hadda Hálfðanardóttir (dóttir Þórnýjar Víðis Jónsdóttur á Þverá).
Halla Bergsteinsdóttir (dóttir Aðalbjargar Jónasdóttur í Kasthvammi, Snorrasonar á Þverá).
Halla Þóra Másdóttir á Sauðárkróki (Þórudóttir, Maríu Víðis Jónsdóttur á Þverá).
Heiðveig Agnes Helgadóttir í Setbergi í Fellum (Hallgrímssonar frá Droplaugarstöðum).
Helgi Hallgrímsson á Egilsstöðum (frá Skeggjastöðum/Droplaugarstöðum á Héraði).
Herdís Þorvaldsdóttir (dóttir Maríu Víðis Jónsdóttur á Þverá).
Hildur Hálfðanardóttir (dóttir Þórnýjar Víðis Jónsdóttur á Þverá).
Hildur Jónasdóttir Árhvammi í Laxárdal (Snorrasonar á Þverá).
Jakob Hálfðanarson (sonur Þórnýjar Víðis Jónsdóttur á Þverá).
Jón Benediktsson á Auðnum í Laxárdal (Hildar Benediktsdóttur á Auðnum).
Jón Hálfðanarson (sonur Þórnýjar Víðis Jónsdóttur á Þverá).
Jón Pétursson í Árhvammi (maður Hildar Jónasdóttur, sonur Hildar Benediktsdóttur á Auðnum).
Kristján Ásberg Ásbergsson (maður Begþóru Sigurðardóttur).
Margrét Ólafsdóttir (kona Más Viðars Mássonar).
María Erla Másdóttir (Þórudóttir, Maríu Víðis Jónsdóttur á Þverá).
Már Viðar Másson (Þóruson, Maríu Víðis Jónsdóttur á Þverá).
Ólafur Magnússon (tengdafaðir Más Viðars Mássonar).
Óskar Dagsson (maður Sigríðar Másdóttur).
Sigríður Másdóttir (Þórudóttir, Maríu Víðis Jónsdóttur á Þverá).
Snædís Gunnlaugsdóttir í Kaldbak (Herdísardóttir, Maríu Víðis Jónsdóttur á Þverá).
Steinunn Jónsdóttir (kona Þorvalds S. Þorvaldssonar).
Þórgímur Daníelsson prestur á Grenjaðarstað og sóknarprestur á Þverá.
Þorvaldur S. Þorvaldsson (sonur Maríu Víðis Jónsdóttur á Þverá).
Þóra Þorvaldsdóttir (dóttir Maríu Víðis Jónsdóttur á Þverá).
Þórir Jón Hall (Dóruson, Maríu Víðis Jónsdóttur á Þverá).

ÁLETRUN Á JÓNSSTEINI

JÓN J. VÍÐIS

FÆDDIST Á
ÞVERÁ 1894

LÉST 1975

HANN VAR
ÆTTARHÖFÐINGI.

HANN MÆLDI
HAFNIR, BÆI
OG VEGI UM
LAND ALLT.

HANN TEIKNADI
ÚTSÝNISSKÍFUR
OG HÚS.

REIST AF
FRÆNDFÓLKI,
INGÓLFSBRÆÐRUM
OG VEGAGERÐINNI
2009

Ágæta frændfólk í Laxárdal ...

Aðalbjörg Jónasdóttir,
Áskell Jónasson,
Hildur Jónasdóttir,
Jón Pétursson og
Halla Bergsteinsdóttir!

Sunnudaginn 23. ágúst sl. vígði frændfólk Jóns J. Víðis, sem þið tilheyrið, minnisvarða hans neðan við Þverárbæinn í Laxárdal, eftir samkomu í Þverárkirkju. Að athöfninni afstaðinni buðuð þið öllum viðstöddum til messukaffis á Þverá, sumum langt að komnum. Með kaffinu voru glæsilegar veitingar, og varð úr hin skemmtilegasta samkoma, sem veitti okkur, sem þar vorum, mikla ánægju, og verður lengi í minnum höfð. Hafið innilegar þakkir fyrir þetta.

Þú lést land undir Jónsstein, Áskell, og komst honum fyrir á stalli sem þú steyptir sjálfur. Aðkoma þín að málinu var öll hin besta og færðu sérstakar þakkir fyrir það.

Fyrir hönd frændfólks Jóns J. Víðis,
að norðan og austan,
Már Viðar Másson
23. sept. 2009